



Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

GE/GBB/ge

Reykjavík 26.01. 2010

Umsögn um frumvarp til laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfsréttinda þskj. 361 – 309. Mál á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Samtök atvinnulífsins (SA) áttu þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þegar ofangreint frumvarp var undirbúið. Frumvarpið, eins og það er lagt fyrir, ber með sér að komið hefur verið að verulegu leyti á mótis við þær athugasemdir sem þá voru gerðar.

SA telja mikinn ávinning falinn í því að auðvelda fyrirtækjum á evrópska efnahagssvæðinu að veita þjónustu innan þess án hindrana. Gagnkvæm viðurkenning á faglegri menntun og hæfi til starfsréttinda er liður í því að draga úr hindrunum til að veita þjónustu yfir landamæri innan evrópska efnahagssvæðisins. Frumvarpið sem leiðir í lög tilskipun 2005/36/EB er því fagnaðarefni.

Ákvæði, sem gæti orðið umdeilt, er um rétt til að stunda starf, hafi einstaklingur unnið við það að minnsta kosti 2 ár á síðastliðnum 10 árum áður en þjónustan er veitt og starfið er ekki lögverndað í því ríki. Það fyrirkomulag er ólíkt því sem gilt hefur hér þar sem formleg iðnmenntun hefur ávallt verið skilyrði fyrir lögvernduðum starfsréttindum. Tilskipunin sem frumvarpið byggir á er skýr hvað þetta varðar og ekki verður séð að hún veiti svigrúm til frávika.

SA vill benda á tvennt er varðar einstakar greinar frumvarpsins.

- Í þjónustutilskipuninni (tilskipun nr. 2006/123/EC) sem nú er unnið að innleiðingu á hér á landi, er kveðið á um að ríki komi sér upp „point of single contact“ eða upplýsinga og þjónustuveitu eins og það er nefnt í frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti. Í 3. gr. ofangreinds frumvarps er sagt að beina skuli umsókn til menntamálaráðuneytisins varðandi mál sem falla undir tilskipunina sem verið er að innleiða eða samninga um viðurkenningu starfsréttinda nema að öðru stjórnvaldi sé með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum falin úrlausn málsins. SA hvetja til þess að komið verði upp „einum dyrum“ hvað þetta varðar í samræmi við ákvæði þjónustutilskipunarinnar.
- Í 3. mgr. 9 gr. er heimild til ráðherra til að setja reglur um hæfnispróf án þess að það sé skýrt nánar hvenær gerð er krafa um slíkt hæfnispróf. Eðlilegt er að takmörkun eða skilyrði 14. gr. 1 mgr. tilskipunarinnar, að því marki sem Ísland hyggst nýta sér þessar undanþágur, komi fram.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins